

Tillaga vegna úthlutunar byggðakvóta fyrir fiskveiði tímabilið 2020-2021.

Lagt er til við bæjarstjórn að samþykkt verði svofelld ályktun/skilyrði fyrir úthlutun aflamarks í tengslum við byggðakvóta og send Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu:

Við úthlutun byggðakvóta er óskað eftir því að fullt tillit verði tekið til þess afla sem er fluttur að til vinnslu í Stykkishólmi vegna þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðar nr. 731/2020.

Miðað við framangreint munu ákvæði reglugerðar nr. 731/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Stykkishólms með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) *Ákvæði 1. mgr. 4. gr. breytist og verður:* Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla **í Stykkishólmi og aðflutts botnsfiskafla til vinnslu í Stykkishólmi** í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020. Komi minna en 100 þorskígildiskíló í hlut fiskiskips samkvæmt framangreindum reglum fellur hlutur til þess niður og skiptist hlutur þess milli annarra fiskiskipa frá sama byggðarlagi sem uppfylla skilyrði fyrir úthlutun í samræmi við skiptingu samkvæmt úthlutunarreglum.
- b) *Ákvæði 2. mgr. 4. gr. breytist og verður:* Afli af fiskiskipum sem landað er **eða fluttur til vinnslu í Stykkishólmi** af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi byggðarlags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.
- c) *Ákvæði 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:* Réttindi til úthlutunar fylgja skipi, nema ef eigandi eða leigutaki fiskiskips, sbr. 1. gr., hefur endurnýjað fiskiskip sitt til að stunda fiskveiðar á fiskveiðiarinu 2020/2021, þá getur hann í umsókn sinni óskað eftir að við úthlutun aflamarks færist áunnin réttindi hins eldra skips til hins nýja.

Stykkishólmi, 10. desember 2020

Jakob Björgvin Jakobsson,
bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar